



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

6. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 mánudaginn 3. desember 2018 í Fjölheimum á Selfossi.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Páll Marvin Jónsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Anna María Ragnarsdóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forfallaðir:

Pálmi Kristjánsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundinn sat einnig Eva Björk Harðardóttir, formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Innra starf MSS
- Verkefnin sl. misseri
- Verkefnin framundan
- Önnur mál

Áfangastaðaáætlun Suðurlands- DMP

Laufey Guðmundsdóttir verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar kom inn á fundinn og kynnti Áfangastaðaáætlun Suðurlands. Hún fór í gegnum helstu niðurstöður líkt og á kynningu sem haldin var á vegum Ferðamálastofu 15. nóvember sl. Kynningu, samantekt og heildarskýrslu má finna á <https://www.south.is/dmp>.

Starfsmannamál

Starfsemin er nú fullmönnuð að nýju og að komast á rétt ról eftir að hafa verið undirmönnuð frá því í maí. Nýr starfsmaður hóf formlega störf 1. nóvember sl., en mikið hafði mætt á öðrum starfsmönnum í þessu millibilsástandi.

Geymslu og öryggismál

Þessu verkefni er ekki lokið, en heldur áfram næstu misseri.

Fjárhagur

Fjárhagsáætlun 2019 er í vinnslu. Nýlega var úthlutað viðbótarfjármagni til kynningar og eftirfylgni á áfangastaðaáætlun í landshlutanum í gegnum Ferðamálastofu. Áætlun þar um sent til Ferðamálastofu í framhaldinu. Þá er beðið eftir svörum frá þremur sveitarfélögum um áframhaldandi samninga.

Af súpufundum

Þátttaka í súpufundunum var almennt góð og ánægja með fyrirkomulagið. Góðar umræður sköpuðust á mörgum fundunum. Almenn jákvæðni gagnvart markaðsstofunni en umræða kom upp um veltutengd aðildargjöld og auglýsingar á landshlutakorti. Eftir umræðu ákvað stjórn að halda aðildargjöldum óbreyttum að sinni. Eftir umræðu um auglýsingar á landshlutakort var ákveðið að halda því opnu að hafa 10 pláss fyrir auglýsingar en að breyta fyrirkomulagi á úthlutun þeirra pláss. Stjórn vill láta kanna hvort möguleiki sé á að senda erindi af súpufundum til aðila MSS. Fræmkvæmdastjóri ætlar að kanna það.

MAS samstarf

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu um stefnu í samstarfinu sem verður tekin fyrir í MAS á næstunni.

Verkefnin sl. mán

Endurnýjun samninga við sveitarfélög

Komið var að endurnýjun samninga við Ásahrepp, Bláskógabyggð, Flóahrepp, Hrunamannahrepp, Hveragerðisbæ og Árborg. Þrjú sveitarfélög hafa þegar samþykkt samningana svar frá þremur sveitarfélögum hefur ekki borist. Framundan eru kynningar á áfangastaðaáætlun og MSS hjá sveitarfélögunum.

Áfangastaðaáætlun - DMP

- Lokaskýrsla og samantekt tilbúin og kynntar á vefnum (www.south.is/dmp). Kynning á öllum áfangastaðaáætlunum landsins var haldin á Hótel Sögu 15. nóvember sl. Framundan eru áframhaldandi kynningar ásamt tengingu við aðrar áætlanir og eftirfylgni úr aðgerðaáætlun.
- Send var inn verkefnatillaga að áhersluverkefni sóknaráætlunar í tengslum við matarverkefni.
- Verkefni „ferðaleiðir“ og „jákvæð skilaboð um ferðapjónustuna“ eru komin á góðan reksþöl. Sendum líka inn tillögu að áhersluverkefni til að styðja betur við Ferðaleiðir, í tengslum við Auðlindastefnu SASS. Myndbandsupptökur fóru fram í síðustu viku í tengslum við súpufundi. Gekk vel og flott efni sem varð til um „jákvæð skilaboð“ og um MSS. Súpufundir gengu líka vel, alls tóku um 80-90 manns þátt og á þeim var aðeins gert úr 10 ára afmæli markaðsstofunnar. Nýir aðilar koma inn í kringum fundina. Mikil ánægja var með fræðsluerindið hjá Brynjari um markaðsaðgerðir fyrirtækja í breyttu umhverfi ferðapjónustu. Framundan er vinna við eftirvinnslu, mikið efni orðið til sem hægt er að nýta.

Vörumerkjahandbók MSS

Verið er að skoða að láta gera vörumerkjahandbók fyrir Suðurland og einnig kynningarmyndbönd og annað myndefni. Tilboð eru til skoðunar.

Blaðamannafyrirspurnir

Alltaf er eitthvað um fyrirspurnir, en hafa verið heldur færri síðustu vikur.

Íslandsstofa

- Óánægju hefur gætt meðal fyrirækja um minni áherslur á landshlutana og ferðapjónustu. Þá hafa minni fyrirtæki síður bolmagn til að taka þátt og hafa áhyggur af hugsanlegri mismunun sem fólgin er í birtingu einstakra fyrirtækja í herferðinni. MSS hefur komið þessum athugasemdum á framfæri við Íslandsstofu sem þau hafa tekið til greina og eru að skoða hugsanlegar lausnir í þeim efnum.
- Árlegur fundur Íslandsstofu með PR stofum fór fram á tímabilinu. Fannar sótti þann fund fyrir hönd MSS þar sem við stilltum upp helstu áherslum næsta árs, sem eru afþreying, matur, menning og viðburðir.
- Framkvæmdastjóri vakti máls á því að lítil áhersla hafi verið á Suðurland við kynningu að undanförunu og er vilji á að bæta þar úr. Einnig hafi verið skipulagðar ferðir um svæðið án þess að leitað væri eftir samstarfi við MSS. Á plani er hópblaðamannaferð á Suðurland í mars/apríl frá Þýskalandi sem er m.a. til þess fallin að koma til móts við þessar athugasemdir. Stjórn leggur til að Íslandsstofu verði sent erindi um Suðurland og samstarf, áherslur og fleira. Bjarni leggur til að fá fund með nýjum framkvæmdastjóra, það er samþykkt.

SASS verkefni

Unnið hefur verið að ýmsum verkefnum, s.s. verkefni um sunnlenskar vörur, menningarkort og invest south. Þá var unnið á tímabilinu að tillögum að áhersluverkefnum, í markaðsmálum fyrir SASS og hefur verið að aukast aðsókn í ráðgjöf.

Vefsíða, south.is

Fengum kynningu fyrir alla starfsmenn á Siteimprove lausninni, gott að allir geti nýtt sér lausnina til við innsetningu efnis á vefsíðu. Gagnagrunnurinn hefur staðið í vegi fyrir framþróun vefsins og því skiptir máli að skoða þau mál frá grunni.

MAS samstarf

- Mikilvægt er að halda áfram að skoða hlutverk og verkefni MAS innan stoðkerfisins útfrá hugmyndafræði um áfangastaðastofur DMO (e. Destination management organisation). Grunnurinn að þeirri vinnu er tilbúinn og byggir á þeirri stefnumótunarvinnu sem ráðist var í 2016/2017.
- Undirbúningur fyrir **Mannamót** á fullu þessar vikurnar. Framkvæmdahópur var skipaður til að stýra undirbúning viðburðarins og er Ragnhildur þar fulltrúi MSS. Stefnir í flottan viðburð, 55 fyrirtæki þegar skráð af Suðurlandi, 197 fyrirtæki í allt.

VestNorden

Ekki hefur enn náðst að klára eftirfylgni vegna anna í öðrum verkefnum. Verður klárað sem fyrst.

Ýmsir fundir, námskeið og ráðstefnur

- Fundur með **stjórn Friða og frumkrafta** þar sem farið var yfir hvaða möguleikar eru fyrir þau að vera með sveitarfélagasíðu undir vefsíðunni south.is. Tóku vel í þær hugmyndir og eru að skoða hvað þau gera í framhaldinu.
- Framkvæmdastjóri og verkefnastjórar áfangastaðaáætlana sóttu **námskeið um þróun áfangastaða** hjá HR. Verkfæri fyrir vinnuna með sveitarfélögunum það sem helst mun nýtast af námskeiðinu. Annars var þetta góð staðfesting á mikilvægi MAS í þessu ferli um áfangastaðaáætlanir og þeirri grunnvinnu sem þar hafði verið unnin. Eins hversu hratt var hægt að vinna áætlanirnar. Prófessorinn sem kenndi námskeiðið tók dæmi frá sínu heimasvæði í Maine. Þar hafði tekið á þriðja ár að móta grunninn þannig að samtalið gæti farið af stað fyrir alvöru. Á námskeiðinu kom einnig fram að fá lönd, ef einhver, hafa náð að vinna áfangastaðaáætlanir jafn hratt og raun ber vitni hér á Íslandi.
- Aðrir fundir og kynningar um flugmál og fleira. Mikið framboð af kynningum og fundum búið að vera undanfarið.

Aðildarfyritæki

Fyrirtæki að bætast í hópinn í tengslum við súpufundi og Mannamót. Nýjum fyrirtækjum er alltaf boðið að koma á fund til að kynna betur starfsemi MSS og tækifæri til að kynna einnig betur sína starfsemi.

Verkefni framundan

Innra markaðsstarf

Vinna úr framleiðslu myndbanda og undirbúningur að öðru sem tengist innra markaðsstarfi, s.s. jákvæð skilaboð og árshátíð MSS.

MAS samstarf

- Undirbúningur **Mannamóta** á eftir að taka mikinn fókus og tíma á næstunni. Margt sem þarf að vinna uppá nýtt vegna flutnings í nýtt húsnæði.
- Fundur forstöðumanna í næstu viku þar sem mörg mál og verkefni liggja til grundvallar.

Áætlanir

Vinna heldur áfram við skipulag markaðaáætlunar næsta árs svo og við fjárhagsáætlun sem lögð verður fyrir á næsta fundi.

Áfangastaðaáætlun - DMP

Kynningar fyrir sveitarfélög ásamt á opnum fundum framundan. Einnig vinna við áframhaldandi uppfærslur á aðgerðum skv. áætlun um fjármagn. Framundan að halda áfram að tengja saman við aðrar áætlanir og eftirfylgni úr aðgerðaáætlun. Sérstök verkefni í tengslum við áfangastaðaáætlanir um ferðaleiðir og jákvæð áhrif áfram í vinnslu.

Miðlar

Samfélagsmiðlar verða fram í höndum Sahara, förum í meiri **kostun og efnissköpun**. Höfum óskað eftir tilboðum í hönnunarramma og myndbandaframleiðslu hjá nokkrum aðilum. Heimasíðan verður í auknum fókus, líklega einhverjar sveitarfélagasíður að bætast við. Undirbúningur fyrir útgáfu kortsins fer af stað fljótlega.

Samningum við sveitarfélög þarf að loka fyrir næsta ár.

SASS verkefni

Þátttaka í teyllum sem og önnur tilfallandi verkefni, s.s. í kortavef og fleira. Stór jólafundur verður haldinn rétt fyrir jól varðandi áherslur næsta árs.

Íslandsstofa

Undirbúningur hópferð blaðamanna frá Þýskalandi í mars/apríl á næsta ári í samstarfi við Íslandsstofu ásamt öðrum sameiginlegum verkefnum s.s. efni í fréttabréf, upplýsingafundum, áherslur og fleira.

Breytingar á húsnæði

Gera á breytingar á húsnæðinu þannig að framkvæmdastjóri geti fært sig á innri skrifstofu í janúar, sem þarf að undirbúa.

Vefmál

Skapast ætti meira svigrúm til að vinna betur í síðunni og vinna að auknum gæðum með Siteimprove.

Árshátíð

Staðfesta dagsetningu og stað fyrir árshátíð/málþing/ársfund.

Mid-Atlantic

Sýningin verður 1. febrúar og framundan er undirbúningur og ákveða áherslur.

Önnur mál

- Björg vekur máls á að Rangárþing eystra sé komið með fyrstu drög að stefnumótun í ferðamálum og mikill áhugi sé á að vinna þetta áfram með Markaðsstofunni. Verði unnið áfram með svæðinu, Kötlu jarðvangi og áfangastaðaáætlun.
- Lokað verður á skrifstofu MSS milli jóla og nýárs.
- Jólagjafir, stjórn samþykkir að þær verði með sama móti og undanfarin ár.
- Erindi frá Landsmóti Hestamanna 2020, ósk um samstarf, framkvæmdastjóri sendir erindi á stjórn og tekin verður afstaða á næsta fundi.
- Framkvæmdastjóri segir frá stórri samfélagsmiðlaraðstefnu í San Diego í mars nk. sem hún hefur áhuga á að sækja til endurmenntunar og kostnað við hana.

Næsti fundur 7. jan, skype fundur.

Fundi slitið 12:20